

Skrifstofa forseta Íslands
Málalykill: 05.01.01
Málsnúmer: EFLX016060045
Ábyrgðarmaður: Öth
Dags.móttöku: 14.1.2016

Kæri Ólafur Ragnar

Ég heiti Bjarni Hrafnkelsson og er 43 ára gamall, fæddur á sólvangi í Hafnarfyrði 1972. Ég er alinn upp hér í fyrðinum og er hér enn og líkar ágætlega. Uppeldi mitt var ágætt og var ég alltaf vinamargur og stundaði mikið íþróttir sem barn og var mikill Haukamaður.

Frá því ég man eftir mér að þá hef ég alltaf verið góður við þá sem lento undir í samfélaginu og hef alltaf trúað á það góða í fólki en ég hef alla tíð verið uppáttækjásamur og frambhvæmt hluti sem aðrir hafa talið galna. Í grunnskóla var ég alltaf áhugasamur um námið og stóð mig alltaf vel

Og nú er ég orðinn faðir, á lítinn dreng sem fæddist en ég sjálfur er fæddur 5 maí 1972.

Ég er að skrifa þér þetta bréf vegna þess að

og líf mitt er breitt, ég fór í nám eftir og náði mér í réttindi sem stýrimaður, með afbragðs árangri. Nú á ég fjölskyldu og er að vonast til að ég geti nýst samfélaginu á jákvæðan hátt

ég var til dæmis búinn að ráða mig sem skipstjóra við og búinn að leigja mér húsnæði þar og hugðist flytja þangað með unnstu minnu og barni þegar fyrirtækið hafði samband við mig og sagðist hafa fengið upplýsingar um að ég hefði tengst

Þetta gerðist í desember síðastliðinn.

Ég hef hugsað um að breyta um nafn og flytja úr landi vegna þess að ég er búinn með minn dóm ég er duglegur maður og allir sem tala við mig vilja mig í vinnu

en mikils metinn í eigin persónu. Mér þykir hefndarþorsti sambélagsins mikill og er að taka út þunga refsingu en neita að gefast upp þó að mig hryggi oft yfir minni stöðu og fyrir hönd

fjölskyldu minnar.

Ég vill því byðja þig um að veita mér náðun frá sakaskrá minni svo að ég geti fengið annað tækifæri hér á Íslandi til að verða góður borgari, mig langar ekki að fara burt með fjölskyldu minna.

Besta Kveðja Bjarni Hrafnkelsson

Kennitala : 050572 5369

Tölvufang:

Bjarni Hrafnkelsson

Tek á móti spósti

Seltjarnarnes, 6. ágúst 2016

Ég undirritaður votta hér með að Bjarni Hrafnkelsson, 050572-5369 hefu unnið sem háseti hjá mér á togaranum Bjarni stóð sig með prýði, samviskusamur við alla vinnu, stundvís og áreiðanlegur.

Gylfi Kjartansson kt 061051-4069

Gyffis Jordannon 061051-4069

IRR/6060172/11.11.4

þann 07.08.2016

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
Mi. 11.11.4	Abm. 80/17
Innk. 9. ÁGÚ. 2016	
IRR 16060172	

Til þes er málið varðar.

Ég, undirritaður Steingrímur Bjarni Erlingsson 150170-4199 vil staðfesta af fúsum og frjálsum vilja einlægan ásetning Bjarna Hrafnkelssonar til uppreisnar æru sinnar.

Hef ég frá fæðingu þekkt Bjarna Hrafnkelsson og hans fjölskyldu. Er Bjarni af fólkis harðduglegu kominn. Eru nokkrir þekktustu skiptjórar Íslands í frændgarði Bjarna.

Bjarni er fallega innréttatíður eistaklingur undanfarna mánuði hefur hann starfað hjá mér við smíðar og annað tilfallandi sem rafmagsbúskapur krafð hefur í á jörð minni þar. Hefur hann staðið sig einstaklega vel og aðdáun mína vekur einarður vilji þrátt fyrir mótlæti á stundum.

Er mér heiður að skrifa þessi orð og ef að frekara liði get orðið til aðstoðar félaga góðs
ískal til mín leitað hvenær sem er.

Virðingarfyllst,

Steingrímur Bjarni Erlingsson

150170-4199

Steingrímur Erlingsson

T i l l a g a
til
forseta Íslands
um uppreist æru.

Feltist á tilloignu.

Bessastöðum

16. sept. 2016

Gud. T. Jónasson

Bjarni Hrafnkelsson, kt. 050572-5369, til heimilis að hefur farið þess á leit að honum verði veitt uppreist æru sinnar, að því er snertir dóm héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðinn 15. febrúar 2008, þar sem honum var gert að sæta 18 mánaða óskilorðsbundinni refsivist fyrir brot á almennum hegningarlögum.

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér að leggja til, að yður, forseti Íslands, mætti þóknast að veita nefndum Bjarna Hrafnkelssyni uppreist æru sinnar að því er snertir framangreindan dóm.

Í innanríkisráðuneytinu,
14. september 2016.

Allravirðingarfyllst,

Dagurðal.

Ragnheiður Þjóðasemhi



Bjarni Hrafnkelsson

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhlósgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 20. júlí 2016
Tilv.: IRR16060172/11.11.4

Ráðuneytið vísar til ódags. bréfs yðar, til skrifstofu Forseta Íslands sem framsent var ráðuneytinu með bréfi, dags. 21. júní 2016, þar sem þér farið þess á leit að yður verði veitt náðun. Ráðuneytið tekur fram að einungis er hægt að sækja um náðun á fésektum og fangelsisrefsingu hafi einstaklingur ekki þegar afþlánað fangelsisrefsingu eða greitt sekt. Í ljósi þess að þér hafið afþlánað dæmda refsingu lítur ráðuneytið svo á að í beiðni yðar felist ósk um uppreist æru sky. 1. mgr. 85. gr. almennra hegningalaga nr. 19/1940.

Til að ráðuneytið geti afgreitt slíka beiðni um uppreist æru er þess farið á leit að þér sendið ráðuneytinu umsagnir tveggja valinkunnra einstaklinga sem staðfest geta góða hegðun yðar. Vottorðin óskast send ráðuneytinu eigi síðar en 9. ágúst nk.

Þá vekur ráðuneytið athygli á því að sakavottorð hreinsast ekki við uppreist æru heldur bætist við það ný færsla þar sem fram kemur að viðkomandi einstaklingur hafi fengið uppreist æru.

Ráðuneytið biðst velvirðingar á því hversu mjög hefur dregist að svara erindi yðar.

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði

Diljá Catherine Þiðrikasdóttir
Diljá Catherine Þiðrikasdóttir



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
MI.	11.11.14
Ábm. Syg	
Innk.	21. JÚNÍ 2016
IRR	16060172

Stjórnarráð Íslands

Reykjavík, 20. júní 2016.

Bjarni Hrafnkelsson

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur falið mér að þakka þér fyrir bréf þitt þar sem sótt er um náðun.

Samkvæmt 3. tölulið 3. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007 fer innanríkisráðuneytið með fullnustu refsinga, náðun og fleira. Þangað ber því að beina náðunarbeiðnum.

Náðunarbeiðnir eru því næst sendar til náðunarnefndar sem lætur innanríkisráðherra í té rökstudda tillögu um afgreiðslu náðunarbeiðna (skv. 2. mgr. 78. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005) og ákveður ráðherra síðan hvort orðið skuli við beiðninni. Fallist ráðherra á beiðnina gerir hann tillögu til forseta Íslands um að náða hlutaðeigandi einstakling. Kemur þá í hlut forseta Íslands að veita atbeina sinn til þeirrar ákvörðunar samkvæmt 29. gr., sbr. 19. gr. stjórnarskrárinnar svo hún öðlist gildi.

Með vísan til 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 hefur beiðni þín um náðun verið framsend til innanríkisráðuneytisins og er þér góðfúslega bent á að leita til ráðuneytisins um frekari upplýsingar og leiðbeiningar um meðferð málsins.

Virðingarfyllst,


Órnólfur Thorsson
forsetaritari